

Reykjavík, 2. febrúar 2010

Til sóknarnefndaformanna

Hafinn er undirbúningur að kosningu til kirkjuþings 2010.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna þ.e. þjónandi presta og djákna og 17 leikmenn úr hópi þjóðkirkjumanna, sem tilnefndir hafa verið til kjörs samkvæmt ákvæðum starfsreglna þessara og sem jafnframt uppfylla skilyrði til að taka sæti í sóknarnefnd í kjördæmi sínu 1. febrúar það ár sem kjósa skal.

Skilyrði fyrir kjörgengi leikmanna eru einnig eftirtalin:

- Að hafa hlotið skír og vera skráður í Þjóðkirkjuna þann 1. febrúar 2010
- Að hafa náð sextán ára aldri þann 1. febrúar 2010
- Að hafa átt lögheimili í viðkomandi sókn þann 1. desember 2009.

Samkvæmt 4. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 234/2006 er sóknarnefndum í hverju kjördæmi gefinn kostur á að tilnefna kjörgenga menn til kjörs til kirkjuþings. Jafnframt geta þeir sem hafa áhuga óskað eftir því við sóknarnefnd sína að verða tilnefndir. Sóknarnefnd er heimilt en ekki skylt að verða við þeim tilmælum. Sóknarnefndir geta komið sér saman um tilnefningu. Gætt skal jafnræðis eins og kostur er.

Í 5. gr. starfsreglnanna segir m.a að kjörstjórn boði til kjördæmisfundar leikmanna í hverju kjördæmi árið sem kosið er til kirkjuþings og eigi síðar en 15. mars. Formaður sóknarnefndar eða annar fulltrúi úr sóknarnefnd mætir á kjördæmisfund auk þeirra sem tilnefndir eru. Heimilt er leikmönnum sem njóta kosningarréttar í kjördæminu að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúar. Á kjördæmisfundi er gengið frá tilnefningum í kjöri til kirkjuþings en þar fer einnig fram kynning þeirra sem tilnefndir eru. Hafi ekki nægilega margar tilnefningar borist, skal tilnefna menn á fundinum.

Á þeim lista yfir tilnefningar sem fundarstjóri skilar til kjörstjórnar skulu vera tvöfalt fleiri nöfn en aðal- og varamenn þess kjördæmis. Ef sóknarnefndir kjördæmisins hafa tilnefnt fleiri til kjörs skal kjósa í leynilegri kosningu um tilnefningu og hefur hver sóknarnefnd eitt atkvæði. Fulltrúi hverrar sóknar ritar á kjörseðil jafnmörg nöfn og tilnefna skal í kjördæminu. Fundarstjóri sendir kjörstjórn niðurstöður fundarins þegar í stað. Þeir einir leikmenn sem eru tilnefndir eru í kjöri.

Þess er farið á leit að formenn sóknarnefnda kynni framangreint fyrir öðrum sóknarnefndarmönnum.

Kosningar til kirkjuþings 2010 verða rafrænar og mun öllum sem kosningarétt hafa verða sent aðgangsorð til að geta kosið.

Starfsreglur um kjör til kirkjuþings eru aðgengilegar á vefsíðu kirkjunnar, kirkjan.is. Einnig er hægt að fá þær sendar frá Biskupsstofu í pósti/faxi og skal þá hafa samband við Biskupsstofu í síma 528 4000.

Virðingarfyllst,
F.h. kjörstjórnar við kirkjuþingskjör.